

15  
19. febr.

		Í peningum.		Hundrað á		Alin.
		Kr.	Aur.	Kr.	Aur.	Aur.
<i>F. Skinnavara.</i>						
31.	1 hndr. 4 fjórðungar	nautsinnis . . .	10 pund á	12	30	49 20 41
32.	— 6 —	kýrsinnis . . .	— — —	10	75	64 50 54
33.	— 6 —	hrosssinnis . . .	— — —	9	59	57 54 48
34.	— 8 —	sauðsinnis, af tvævetrum og eldri	— — —	7	40	59 20 49
35.	— 12 —	sauðsinnis, af veturgömlum og ám	— — —	6	18	74 16 62
36.	— 6 —	selsinnis . . .	— — —	10	75	64 50 54
37.	— 240	lambskinn (vorlamba), einlit	. hvert á	»	48	115 20 96
<i>G. Ýmislegt.</i>						
38.	1 hndr. 6 pd. af æðardún, vel hreinsuðum,	pundið á		8	25	49 50 41
39.	— 40 — — —	óhreinsuðum . . .	— — —	»	»	» » »
40.	— 120 — —	fuglafíðri . . . . .	10 pund —	8	44	101 28 84
41.	— 480 — —	fjallagrösum . . . . .	— — —	»	»	» » »
42.	5 álnir	1 dagsverk um heyannir . . . . .	— — —	2	65	» » 53
43.	— 1	lambsfóður . . . . .	— — —	4	26	» » 85

Meðalverð á hverju hundraði og hverri alin í fyrtöldum landaurum verður:

<i>Eptir A. eða í friðu . . . . .</i>	86	22	72
— <i>B. — í ullu, smjöri og tólg . . . . .</i>	63	30	53
— <i>C. — í ullartóvöru . . . . .</i>	76	30	64
— <i>D. — í fiski . . . . .</i>	70	16	58
— <i>E. — í lýsi . . . . .</i>	24	40	20
— <i>F. — í skinna-vöru . . . . .</i>	69	19	58

En meðalverð allra landaura samantalið . . . . . 389 57 325  
og skipt með 6 sýnir:

**Meðalverð allra meðalverða . . . . . 64 93 54**

Reykjavík, 19. dag. febrúarmán. 1895.

*J. Havsteen. Hallgr. Sveinsson.*

16  
2. febr.

**Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu um sölulaun hreppstjóra af óskilafje.** (Ágrip). — Fyrirspurn frá hreppsnefndaroddivitanum í Lýtingsstaðahreppi svarað á þá leið, að hreppstjórar hafi eigi rjett til að reikna sjer af söluverði óskilafjár annað en venjuleg uppboðslaun samkvæmt 6. gr. laga 13. jan. 1882, 4 af hundraði.

17  
22. febr.

**Brjef landshöfðingja til amtmannsins í suðuramtinu og vesturamtinu um flutning á þingstað.** (Ágrip). — Með brjefi þessu var samþykkt, að þingstaður Hrunamannahrepps væri fluttur frá Gröf að prestsetrinu Hruna, þó með þeim skilyrðum, að stiptyfirvöldin samþykki, að þingstaður sje hafður á prestsetrinu, og að hreppsnefndin annist um, að jafnan sje til sæmilegt húsnæði til þinghaldanna á hinum nýja þingstað.